

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Rannveig Jóelsdóttir á að sæta 5 ára betrunarhússvinnu. Að því til málskostnaðar í hjerði kemur, á hinn áfrýjaði dómur að vera ó-raskaður. Ákærða greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og setts málaflutningsmanns E. Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. desembermánaðar.

Nr. 45/1893:

Hið opinbera
gegn
Sveini Brynjólfssyni.

D ó m u r:

Með lögglurjettardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 17. júní f. á., var hinn kærði Sveinn Brynjólfsson veitingamaður á Vopnafirði, dæmdur samkvæmt 15. gr. laga 14. jan. 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, í 100 kr. sekt til landssjóðs og málskostnað allan, fyrir að hafa gegn fyrirmælum 1. gr. tjeðra laga komið fram sem útflutningastjóri án þess að hafa haft lögskipað leyfi til þess. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er upplýst í málinu, að þegar P. V. Davíðs-

son verzlunarstjóri á Vopnafirði, sem var löggiltur útflutningastjóri fyrir svo kallaða Dominion-línu, er bauð mönnum flutning hjedan af landi til Vesturheims yfir England, slepti þessum starfa árið 1890, þá framseldi hann, eptir því sem álíta verður, með vitund og samþykki Dominion-línunnar, hinum kærða umboð sitt fyrir nefnt fjelag, og tók hlutaðeigandi lögreglustjóri, sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, framsal þetta gilt, enda áleit einnig, að veð það, er P. V. Davíðsson hafði sett sem útflutningsstjóri, en það var ábyrgðarskjal frá Landmandsbankan í Kaupmannahöfn fyrir 14,000 kr., væri einnig þar með fært yfir á kærða sem veð fyrir hans framkomu sem útflutningastjóra, og viðurkenndi hann því kærða sem útflutningastjóra Dominion-línunnar með áritun á umboðsskjalið, dags. 13. okt. 1890. En þegar kærði skömmu eptir fór að auglýsa í blöðunum samkvæmt þessu, að hann sem löggiltur útflutningastjóri tækist á hendur flutning manna til Vesturheims, kom það á daginn, að fyrtjed ábyrgðarskjal gat eigi álitizt fært yfir á kærða með áðurnefndu framsali P. V. Davíðssonar, og lagði því amtmaðurinn fyrir lögreglustjórann í Norður Múlasýslu með brjefi 24. febr. 1891, að tjá kærða, að allar gjörðir hans sem útflutningastjóra væru með öllu heimildarlausar á meðan hann eigi hefði sett lögboðið veð í því tilliti. Með brjefi dags. 2. apríl s. á. skýrði nú að vísu lögreglustjórinn kærða frá því, að þetta hefði verið fyrir sig lagt af amtinu, en jafnframt tók hann það fram, að þó að hann álti að umboðsskjal kærða sem útflutningastjóra væri gilt, einnig hvað veðið snerti, vildi hann þó eigi »að svo stöddu« undirskrifa tvær umboðsskrár (handa sub-agentum), er kærði hafði sent honum. Brjef þetta

skildi kærði eigi svo, að með því væri apturkölluð af lögreglustjóra löggilding hans sem útflutningastjóra, en með brjefi til kærða, dags. 3. júní s. á., er kærða barst 18. s. m., lagði lögreglustjórinn samkvæmt fyrirmælum amtsins bann fyrir, að kærði að svo stöddu undirskrifaði nokkra samninga eða hefði á hendi útflutningastörf fyrir Dominion-línuna, og gjörðist þá kærði umboðsmaður W. G. Spence Patersons, er hafði löggilding sem útflutningastjóri Dominion-línunnar, og var það umboð útgefið 20. s. m. og áteiknað af lögreglustjóra s. d.

Það getur nú enginn efi leikið á því, að það var ábyrgðarlaust af kærða að koma fram sem útflutningastjóri samkvæmt leyfi því, er hann hafði til þess fengið hjá rjettum hlutadeiganda 13. okt. 1890, þó að ef til vill embættismaður sá, er veitti leyfið, eigi hafi gætt þess nægilega, að öll skilyrði fyrir veitingu leyfisins væru fyrir hendi, og leyfi þetta eða löggildingu varð að apturkalla skýrt og skilmerkilega, til þess að það varðaði kærða við lög að nota hana. Slík apturköllun getur nú eigi álitizt hafa átt sjer stað með brjefinu 2. apríl 1891, er að ofan er frá skýrt, enda virðist einnig brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu til kærða, dags. 11. apríl f. á., er lagt hefur verið fram í yfirdóminum, bera það með sjer, að bann hafi eigi verið lagt fyrir framkomu kærða sem útflutningastjóra fyr en með brjefinu 3. júní 1891. Með þessu síðastnefnda brjefi var að vísu leyfið eða löggildingin tekin af kærða, en þar sem kærða eigi barst það brjef, eptir því sem fram er komið í málinu, fyr en 18. s. m., og ekkert er upplýst um, að hann hafi komið fram á neinn hátt sem útflutningastjóri eptir það, en 20. s. m. gjörðist hann umboðsmaður löglegs útflutningastjóra, án þess að því

hafi verið fundið, þá verður eigi sjeð, að kærði hafi orðið brotlegur gegn ofannefndum lögum 14. jan. 1876, með því að koma fram sem útflutningastjóri, án þess að hafa til þess lögboðið leyfi. Það verður því að sýkna hinn kærða af kæru hins opinbera í máli þessu, og ber að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum af almanna-fje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækj-anda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Við meðferð máls þessa í hjerði er það aðfinningar-vert, að dómariinn hefur aldrei yfirheyrt kærða neitt um málið, en með því að málavextir hafa þótt koma nægi-lega fram í skjölum þeim, er dómariinn lagði fram í lögreglurjettinn, í sambandi við skriflega vörn kærða, þá þótti mega dæma málið þrátt fyrir þetta. Það er og aðfinningarvert, að dómariinn hefur eigi lagt fram í málinu brjef sín til amtmanns, dags. 5. og 28. maí 1891, eins og honum þó var boðið af amtmanni í brjefi, dags. 9. nóv. s. á. Loks hefur óhæfilega langur drátt-ur orðið á áfrýjun málsins til yfirdómsins, þar sem það var dæmt í hjerði 17. júní f. á., en varð eigi afgreitt frá amtmanni til jústitiariusar fyr en 5. sept. þ. á., og er dráttur þessi mestmegnis að kenna undirdómaranum, með fram því, að hann hefur eigi gætt fyrirmæla 15. gr. í tilskipun 24. jan. 1838, og getur hann ekki kom-izt hjá sekt fyrir drátt þennan, er ákveðst 50 kr. og renni í landssjóð. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði Sveinn Brynjólfsson á að vera sýkn af

kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur greiðist af almannafje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, setts yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Undirdómarinn, sýslumaður Einar Thorlacius, greiði í sekt til landsjóðs 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. desembermánaðar.

Nr. 9/1893:

Sigurd Johansen

gegn

Konráði Hjálmarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af stefnda, sveitakaupmanni Konráði Hjálmarssyni í Mjóafirði, gegn áfrýjandanum kaupmanni á Seyðisfirði Sigurd Johansen *tíl* skaðabóta fyrir að hafa brugðið við hann loforði (samningi) um veizlunarsamband eða vöruútveganir fyrir árið 1892, *tíl* uppbótargreiðslu fyrir villur í reikningum áfrýjanda *tíl* stefnda fyrir árin 1890 og 1891, og loks *tíl* endurgreiðslu á andvirði vara, er stefndi endursendi áfrýjanda. Var málið dæmt í gestarjetti Norður-Múlasýslu 4. janúar þ. á. þannig, að nefnd þrjú kröfuatriði voru tekin til greina og áfrýjandinn skyldaður til að greiða stefnda sem ferðakostnað til útlanda til að útvega sjer vörur 720 kr. og kr. 173,15 +